



UMHVERFISMÁL OG SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

HJÁLPARGÖGN OG DÆMI



Efnisyfirlit

1 Samfélagsleg ábyrgð	2
2 Umhverfis- eða sjálfbærnistefna.....	2
3 Gátlisti „Á leið til sjálfbærrar ferðaþjónustu“	2
4 Dæmi um helstu viðfangsefni fyrirtækis í umhverfismálum:.....	2
5 Yfirlýsing fyrirtækis varðandi sjálfbæra ferðaþjónustu, umhverfisstefna.....	6
5.1 Dæmi um yfirlýsingu fyrirtækis á sviði umhverfis- og samfélagsmála:.....	6



1 Samfélagsleg ábyrgð

Með vaxandi vitund almennings um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð eykst áhersla á að fyrirtæki leitist við að ná sjálfbærni í rekstri sínum og sýni samfélagslega ábyrgð í verki. Með samfélagslegri ábyrgð er átt við að fyrirtæki kannist við og taki ábyrgð á þeim áhrifum sem ákvarðanir þess og starfsemi hafa á umhverfi, efnahag og samfélag. Starf sem miðar að því að axla þessa ábyrgð eflir fyrirtækið til lengri tíma og hefur jákvæð áhrif á ímynd þess og tengsl við hagsmunaaðila og starfsumhverfi. Fyrirtæki hafa í auknum mæli felld þætti sem tengjast samfélagslegri ábyrgð inn í stefnu sína, mikilvægt er að það sé gert með markvissum og skilvirkum hætti.

2 Umhverfis- eða sjálfbærnistefna

Umhverfis- eða sjálfbærnistefna er yfirlýsing fyrirtækisins um helstu áherslur þess varðandi umhverfismál og sjálfbærni. Kjarninn í stefnunni á að fjalla um það markmið að hvorki starfsemi fyrirtækisins né umgengni starfsfólks eða gesta skerði möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum og njóta gæða og ásýndar þess umhverfis sem fyrirtækið starfar í. Í stefnunni koma einnig fram atriði á borð við fyrirheit um að fylgja lögum og reglum, vinna að stöðugum úrbótum og nota endurnýjanlegar auðlindir eftir föngum. Jafnframt þarf að kveða á um birtingu stefnunnar og reglulega endurskoðun. Stefnan er grunnur aðgerðaáætlunar þar sem sett eru skýr og mælanleg markmið byggð á stefnu fyrirtækisins.

Fyrsta skref í mótun stefnunnar er að gera sér grein fyrir því hvar fyrirtækið er stadd með tilliti til umhverfismála og skrifa niður helstu verkefni sem framundan eru. Það er lykilatriði að starfsmenn séu þátttakendur í þessu ferli og að yfirlýsing fyrirtækisins varðandi sjálfbæra ferðaþjónustu sé skýr og kynnt fyrir viðskiptavinum og samstarfsaðilum.

3 Gátlisti „Á leið til sjálfbærrar ferðaþjónustu“

Á heimasíðu Vakans er að finna gátlista sem nýtist til að greina stöðu fyrirtækisins í umhverfismálum og varða veginn í átt til aukinnar sjálfbærni. Gátlistinn er hluti af umhverfiskerfi Vakans. Hann er hægt að nota sem grunn bæði að aðgerðaáætlun í umhverfismálum og umhverfis- eða sjálfbærnistefnu fyrirtækisins.

4 Dæmi um helstu viðfangsefni fyrirtækis í umhverfismálum

Fyrirtæki geta stuðlað að minni mengun og sóun verðmæta með því að leggja áherslu á eftirfarandi þætti í daglegu starfi:



Umhverfismál og samfélagsleg ábyrgð

- Endurvinnslu
- Endurnýtingu
- Orkusparnað
- Notkun á umhverfisvænum efnum
- Vinna gegn mengun sem hlotist getur af starfsemi fyrirtækisins, s.s. hljóð-, loft, sjón-, vatns-, jarðvegs-, lyktar- og frárennslismengun.
- Velja vörur og þjónustu úr heimabyggð til að styðja við nærsamfélagið, þar sem því verður viðkomið.
- Stuðla að fræðslu um umhverfismál og miðla þekkingu um mikilvægi umhverfisstarfs til starfsmanna og gesta.
- Hvetja til almennrar þátttöku í umhverfisvernd og hafa umhverfisstefnu sýnilega og aðgengilega, jafnt starfsmönnum sem gestum og almenningi, á starfsstöðvum og heimasíðu fyrirtækisins.
- Stuðla að stöðugum úrbótum í umhverfis- og samfélagsmálum, bæði í eigin starfsemi og í íslenskri ferðþjónustu.
- Stuðla að verndun menningar- og náttúruminja.
- Hvetja til notkunar á almenningsfarartækjum þar sem kostur er.
- Uppfylla ákvæði laga og reglugerða um umhverfismál.
- Hrinda verkefnum í framkvæmd t.d.:
 - Ákveða hvað og hvernig á að flokka til endurvinnslu, mikilvægt að vinna í samræmi við þjónustu viðkomandi sveitarfélags. Hafa upplýsingar um flokkun og endurvinnslu aðgengilegar starfsmönnum og gestum.
 - Mæla og fylgjast með árangri fyrirtækisins á eftirfarandi sviðum:
 - Eldsneytisnotkun
 - Rafmagnsnotkun
 - Notkun á heitu vatni
 - Flokkun úrgangs
- Gera starfsmenn ábyrga fyrir verkefnum í umhverfismálum.
- Setja upp raunhæfa verkáætlun þar sem tímamörk, framkvæmd og ábyrgð eru skilgreind.
- Fylgja eftir framkvæmd umhverfis- eða sjálfbærnistefnu.
- Endurmeta stöðu fyrirtækisins á sviði umhverfis og sjálfbærni og endurskoða umhverfis- og sjálfbærnistefnu reglulega.

Eftirfarandi atriði eru dæmi um áherslur sem má taka fram í umhverfisstefnu fyrirtækis eða setja fram til frekari áréttingar hennar sem upplýsingar til gesta og áminningar fyrir starfsmenn:

- Við slökkvum á ljósum og á búnaði sem ekki er í notkun.
- Við notum sparperur í húsnæði okkar eins og kostur er.



- Við notum hreyfinema fyrir lýsingu þar sem við á.
- Við notum orkusparandi búnað eftir því sem unnt er og kaupum orkusparandi tæki þegar komið er að því að skipta út.
- Við bjóðum viðskiptavinum okkar lykil/spjald sem slekkur á rofum þegar þeir eru úti.
- Við látum ekki vatn renna þegar við erum ekki að nota það.
- Við notum vatnssparandi krana/sturtuhausu, án þess að skerða gæðin.
- Við notum vatnssparandi uppþvottavélar/þvottavélar.
- Við notum vatnssparandi salerni.
- Við bjóðum gestum okkar að nota handklæði oftast en einu einu sinni og að skipta um lín sjaldnar en húsreglur segja til um.
- Við flokkum sorp og drögum úr úrgangi (hér er gott að vísa á flokkunaraðstöðu og leiðbeiningar).
- Við bjóðum viðskiptavinum okkar að flokka úrgang.
- Við prentum ekki út efni að óþörfu og prentum beggja vegna á blöð.
- Við kaupum skiptum við prentsmiðjur með viðurkennda umhverfissvottun og látum prenta á umhverfissvottaðan/endurnýtanlegan pappír.
- Við kaupum Fairtrade vörur og vörur úr heimabyggð, eftir því sem verður við komið.
- Við kaupum ekki inn vörur í smáum einingum (þar sem hver eining er innpökkuð).
- Við notum skammtara fyrir snyrtivörur á snyrtingum fyrirtækisins.
- Við notum endurnýtanlegt í stað einnota þar sem mögulegt er.
- Við kaupum vörur frá framleiðendum sem bjóða upp á umhverfisvænar og endurvinnanlegar umbúðir, þar sem því verður við komið.
- Við gefum hlutfall af hagnaði fyrirtækisins/tíma okkar/tíma starfsfólks til náttúruverndar og/eða samfélagsverkefna.
- Við gefum framleiðsluvörur eða notaðan búnað til samfélagsverkefna, s.s. skóla og góðgerðamála.
- Við styðjum við svæðisbundin samtök og verkefni.
- Við kaupum handverk/listaverk sem framleidd eru í heimabyggð eins og kostur er.
- Við veitum heimamönnum forgang að störfum.
- Við bjóðum tækifæri til starfsþróunar með aðgangi að þjálfun, þátttöku í námskeiðum o.fl.
- Við bjóðum viðskiptavinum okkar og starfsfólki að taka þátt í ýmsum verkefnum í þágu umhverfisins t.d.:
 - Verndun dýralífs og náttúrulegra búsvæða.
 - Viðhaldi jarðvegs á umhverfisvænan hátt.
 - Aðgerðum gegn útbreiðslu ágengra tegunda.
- Við notum náttúrulegar vörur í stað kemískra efna ef kostur er.
- Við notum hreinsiefni sem ekki eru eitruð og brotna niður í náttúrunni.



- Við notum umhverfismerktar/ofnæmisprófaðar vörur á snyrtingum.
- Við umgöngumst spilliefni og önnur mengandi efni varlega og gætum þess að þeim sé ávallt skilað á réttan stað.
- Við setjum ekki mengandi úrgang í niðurföll eða afrennsli.
- Við þrífum ökutæki fyrirtækisins á sérstökum þvottaplönum þar sem hreinsiefni fara ekki út í náttúruna
- Við leitumst við að nota visthæf og sparneytin ökutæki.
- Við látum stilla og yfirfara ökutæki fyrirtækisins reglulega til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og mengandi efna.
- Við virðum reglur fyrirtækisins um lausagang ökutækja.
- Við hvetjum til vistvæns ferðamáta starfsmanna og gesta.
 - Umbunum starfsmönnum sem ferðast með almenningsgöngum, ganga, eða hjóla til vinnu.
 - Bendum á gönguleiðir.
 - Þjóðum gestum okkar að nota reiðhjól fyrir styttri ferðir til að sjá það helsta sem svæðið býður upp á.
 - Veitum upplýsingar um kolefnishlutlausar samgöngur til að ferðast um Ísland.
- Við förum eftir settum lögum og virðum reglur
 - Það er ábyrgð allra starfsmanna að starfsemi okkar sé í samræmi við útgefin starfsleyfi, viðeigandi umhverfislög, reglugerðir og samþykktir.
- Við fræðum og upplýsum
 - Vel upplýst starfsfólk er mikilvægur grunnur að velgengni fyrirtækis og upplifun ferðamanna.
 - Gestir fá upplýsingar um það sem við erum að gera og hvernig þeir geta verið virkir í að vernda viðkvæma náttúru Íslands.
- Við hugsum áður en við kaupum
 - upplýstar ákvarðanir um innkaup geta hjálpað til við að:
 - draga úr magni þess hráefnis sem notað er í iðnaðarvörur
 - koma í veg fyrir mengun lofta og lands
 - draga úr úrgangi
 - styðja fyrirtæki í heimabyggðinni og að hvetja til góðra vinnuaðferða heima og erlendis
 - stöðva eyðileggingu verðmætra skóga og náttúrulegra búsvæða víða um heim
- Við hugsum áður en við notum
 - skilvirk notkun orku, vatns, vöru, eldsneytis og annarra auðlinda tryggir að starfsemi okkar hafi sem minnst áhrif á umhverfið.
- Við hugsum áður en við hendum



- með því að endurvinna og jarðgera eins stóran hluta úrgangs og hægt er drögum við úr mengun lofts og lands og minnkum sörpmagn sem fer til urðunar.

5 Yfirlýsing fyrirtækis varðandi sjálfbæra ferðapjónustu, umhverfisstefna

Skrifleg yfirlýsing um stefnu fyrirtækisins í umhverfismálum sýnir að fyrirtækinu og starfsmönnum þess er umhugað um umhverfið og að þeir vilja leggja sitt af mörkum til að vernda það. Í slíkri yfirlýsingu geta fyrirtækin sagt frá einstökum áhersluatriðum í umhverfismálum, sérstökum verkefnum o.fl. allt eftir þörfum og aðstæðum á hverjum stað. Yfirlýsingin er um leið hvatning til starfsmanna og viðskiptavina um að fylgja markmiðum um umhverfismál.

Til eru margar leiðir til þess að skrifa yfirlýsingu um sjálfbæra ferðapjónustu, hún þarf hvorki að vera löng né flókin. Aðalatriðið er að fyrirtækið ætli sér og geti raunverulega staðið við þau atriði sem þar koma fram. Mikilvægt er að huga vel að framsetningu og birtingu yfirlýsingarinnar, hún þarf að vera sjáanleg viðskiptavinum og starfsmönnum og þeir þurfa að geta skilið það sem í henni stendur. Nauðsynlegt er að endurmeta og endurnýja yfirlýsinguna reglulega í samræmi við þróun í rekstri, breyttar aðstæður og ábendingar starfsfólks og viðskiptavina.

Heiti umhverfisstefnu geta verið ýmiskonar t.d.:

- Umhverfisstefna
- Yfirlýsing um ábyrgð gagnvart samfélagi og umhverfi
- Græn og væn
- Samferða til sjálfbærni og ábyrgðar
- Umhverfisskuldbinding
- Fyrirtækinu/okkur þykir vænt um Ísland/landið okkar
- Umhverfissagan okkar

5.1 Dæmi um yfirlýsingu fyrirtækis á sviði umhverfis- og samfélagsmála:

Við hjá erum stolt af að starfa á Íslandi (í héraði/á svæði) og okkur er annt um náttúru þess og samfélag. Við vitum að öll fyrirtæki hafa áhrif á umhverfi og samfélag með starfsemi sinni. Okkar fyrirtæki er engin undantekning. Markmið okkar er að minnka skaðleg áhrif fyrirtækisins með því að nota auðlindir skynsamlega, farga úrgangi á ábyrgan hátt og bjóða gestum okkar upp á umhverfis- og félagslega ábyrga þjónustu/vöru.



Við ásetjum okkur að/skuldbindum okkur til að:

- Þjálfa starfsfólk okkar og gera viðskiptavini/gesti okkar meðvitaða um skuldbindingu okkar gagnvart umhverfi og samfélagi og veita upplýsingar um það hvernig þeir geta lagt sitt af mörkum.
- Veita birgjum upplýsingar um umhverfismarkmið okkar og óska eftir stuðningi við að ná markmiðunum.
- Fræða gesti okkar um ávinning af umhverfis- og samfélagslegri ábyrgð.
- Setja eftirfarandi í forgang í rekstri fyrirtækisins:
 - Forðast að menga land, loft og vatn.
 - Draga úr myndun úrgangs og sorps.
 - Forðast að ganga á náttúrulegar, óendurnýjanlegar auðlindir.
 - Forðast eyðileggingu búsvæða.
 - Koma fram við starfsfólk, birgja og gesti af sanngirni og virðingu.
 - Stuðla að því að sem mestur ábati verði eftir á þeim svæðum þar sem hann verður til.
 - Veita heimamönnum á hverjum stað forgang að störfum.
- Sýna stöðugt ábyrgð í verki gagnvart umhverfi og samfélagi.

Fyrirtækjum er frjálst að nýta ofangreint dæmi og laga að starfsemi sinni að vild. Nota má áherslupunkta úr kafla fjögur til að leggja aukna áherslu á einstaka þætti. Fyrirtæki geta einnig vísað til siðareglna sinna/siðareglna Vakans og/eða lýst yfir þeirri ætlan sinni að starfa í samræmi við Alþjóðlegar siðareglur fyrir ferðaþjónustu.

Vert er að minna á að yfirlýsing eða stefna fyrirtækis á sviði umhverfis- og/eða samfélagsmála má ekki vera marklaust plagg eða orðin tóm. Það er betra að taka smærri og öruggari skref og auka svo metnaðinn í takti við aukna reynslu og getu.

Hér á eftir eru dæmi um umhverfisstefnur sem fyrirtæki í Vakanum hafa góðfúslega gefið leyfi til að nota. Við minnum á að þetta efni er eign umræddra fyrirtækja og er öðrum fyrirtækjum ekki heimilt að taka þessar yfirlýsingar upp sem sínar.



Umhverfis- og sjálfbærnistefna

Lamb Inn á Öngulsstöðum er gisti- og veitingastaður í hjarta eins blómlegasta landbúnaðarhéraðs landsins, Eyjafjarðarsveitar, aðeins í 8 mínútna akstursfjarlægð frá Akureyri.

Lamb Inn byggir starfsemi sína upp í anda sjálfbærrar ferðaþjónustu. Áhersla er lögð á uppgræðslu og fegrun nærumhverfis, almenna náttúruvernd, virka þátttöku í samfélaginu í Eyjafjarðarsveit og ábyrga fjármálastjórnun. Eigendur og starfsfólk Lamb Inn munu vegna þessa:

- Varðveita sögu staðarins og Öngulsstaðaættarinnar og halda áfram farsælum búskap og uppbyggingu til framtíðar.
- Vinna stöðugt að því að halda nærumhverfi snyrtilegu og aðlaðandi.
 - Slá grasbletti reglulega.
 - Snyrta blómabeð.
 - Safna rusli og flokka.
- Draga úr verðmætasóun og mengun með endurnýtingu, endurvinnslu, orkusparnaði og notkun á umhverfisvænum efnum.
 - Með flokkun á sorpi til endurvinnslu.
 - Með endurvinnslu á lífrænum úrgangi þar sem hluti hans fer í hæsnafóður.
 - Með skráningu á rafmagns- og heitavatnsnotkun.
 - Með kaupum á hreinsiefnum sem eru umhverfisvottaðar, eins og með Svaninum eða Evrópublómínu.
 - Með notkun fjölnota innkaupapoka.
 - Með minnkandi notkun á plastpokum.
- Tryggja að fráveitumál séu í lagi.
- Kaupa vörur og þjónustu úr heimabyggð sem uppfyllir kröfur um gæði og samkeppnishæft verð.
 - Hægt er að kaupa eftirfarandi matvörur úr heimabyggð: Lambakjöt, svínakjöt, nautakjöt, gúrkur, paprikur, kartöflur, egg, rauðkál.
- Setja ráðningar á starfsfólki úr heimabyggð í forgang.
- Gera starfsfólk meðvitaðra um umhverfismál og hvetja birgja og gesti til umhugsunar um umhverfismál í víðu samhengi.
 - Með markvissri fræðslu til starfsfólks og verklaagsreglum.
 - Með birtingu umhverfisstefnu á vef Lamb Inn og gera hana sýnilega í herbergjaupplýsingum.
 - Með leiðbeiningum til gesta varðandi flokkun á sorpi og þvott á líni.
- Vera virkur samstarfsaðili sveitarfélagsins, annarra fyrirtækja og íbúa á svæðinu.
 - Með þátttöku í samfélagsverkefnum.
 - Með þátttöku í starfi Ferðamálafélags Eyjafjarðarsveitar.
- Uppfylla lög og reglugerðir sem gilda hverju sinni í umhverfismálum.

lambinn@lambinn.is

[Facebook /lambinniceland](https://www.facebook.com/lambinniceland)

[Twitter @lambinniceland](https://twitter.com/lambinniceland)

Karl Jonsson karl@lambinn.is

Johannes Geir johannes@lambinn.is

Tlf +354 463 1500



Umhverfismál og samfélagsleg ábyrgð

Pink Iceland, Reykjavík

ENVIRONMENTAL ISSUES

The Pink Iceland Team believes we can all make a difference when minimizing our environmental impact. Our goal is to operate according to sustainability principles with regards to environmental, economic, and socio-cultural aspects of tourism. Pink Iceland was the 13th company to be accepted for Vakinn, the Quality and Environmental System for Icelandic Tourism. In order to reach our goal we work according to these Pink Eco steps:

- We minimize printed material, relying on web and mobile devices when possible.
- We recycle recyclable materials.
- We give preference to environmentally safe products and local services.
- We give preference to environmentally certified suppliers.
- We strive to educate the Pink Team regularly about sustainability
- We work according to the guidelines Quality and Environmental System Vakinn

Pink Iceland's sustainability policy is by no means an endpoint but rather a stepping-stone on the long journey to lower our environmental impact and reinforce the local community. This policy is revised annually and updated according to possible internal and/or external changes.



Pink Iceland is a young and vibrant company, founded out of passion in 2011. The Pink Iceland Team is constantly learning and tackling new challenges. Our policies are regularly updated and develop as we grow. We encourage our guests to help us out and give us feedback on our services so we can continue to create unforgettable experiences and continue to love our work at Pink Iceland.



Íslandshótel – 17 hótel um allt land



UMHVERFISSTEFNA ÍSLANDSHÓTELA

Íslandshótel bjóður upp á umhverfisvæna hótel- og ráðstefnuþjónustu á hótélum sínum um allt land. Þjónusta okkar er vinalæg, persónuleg og fjölskylduvæn. Við viljum að þér líði vel á hótélum okkar. Við leggjum áherslu á gott aðgengi fyrir alla og að þjónustan henti öllum, í fjölbrævi er fjársjóður fallinn. Umhverfismál eru okkur mikilvæg. Við viljum vera öðrum fyrirmynd í starfi okkar að umhverfismálum og vinnum markvisst í þá átt með því að:

- ...fræða og miðla um umhverfismál
- ...draga úr magni óflokkaðs úrgangs
- ...draga úr orkunotkun
- ...kaupa vistvænt
- ...draga úr vatnsnotkun

...fræða og miðla um umhverfismál

Upplýsa viðskiptavini um umhverfisstarf hótelsins og efla samstarf sem gæfi dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum

Tryggja að starfsfólk hafi góða þekkingu og beiti viðurkenndum aðferðum í umhverfisstarfi hótelsins.

Fylgjast með nýjungum í umhverfismálum og efla almenna umhverfisvitund.

...draga úr magni óflokkaðs úrgangs

Þjóða ekki upp einnota- eða sérpakkaðar vörur, sé þess kostur.

Flokka allan úrgang og senda til endurvinnslu.

Gera flokkun aðgengilega fyrir gesti og starfsmenn.

Fara sparlega með elni og nota sápuskammtara.

...draga úr orkunotkun

Nota ávallt LED og sparpenur við endurnýjun en ekki glóperur.

Velja orkunýtin tæki við innkaup.

Vinna markvisst að því að draga úr orkunotkun.

...kaupa vistvænt

Kaupa ávallt umhverfsvottaðar vörur og þjónustu þegar það er mögulegt.

Þjóða upp á lífrænt ræktaðar vörur, m.a. lífrænt vottaðan morgunverð.

...draga úr vatnsnotkun

Nota vatnssparandi búnað.

Fylgjast reglulega með stillingu á tækjum og vatnsnotkun í eldhúsi, þvottahúsi og í heilsurækt.

Umhverfisstefnan endurspeglar starf okkar og er endurskoðað reglulega til að tryggja stöðugar framfarir. Við sjáum til þess að lagalegar kröfur á sviði umhverfis- og vinnuvæðingarmála séu uppfylltar. Við bjóðum stolt upp á umhverfisvæna hótel- og ráðstefnuþjónustu.